

Ed.

261. Frumvarp til laga

[132. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, sbr. lög nr. 22 3. maí 1955, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Um heimild dómsmálaráðherra til að ákveða, að saksókn skuli niður falla, fer eftir ákvæðum 24. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

2. gr.

56. gr. laganna breytist þannig:

- a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. komi: saksóknara ríkisins.
- b. Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. og 6. mgr. komi: saksóknari.
- c. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 5. mgr. komi: saksóknara.

3. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ á þremur stöðum í 58. gr. laganna komi: saksóknari.

4. gr.

59. gr. laganna breytist þannig:

- a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. komi: saksóknari.
- b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. og 3. mgr. komi: saksóknara.

5. gr.

2. mgr. 61. gr. laganna falli niður.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum frá síðasta Alþingi var gerð sú breyting á skipun opinbera ákærvaldsins, að dómsmálaráðherra fer ekki lengur almennt með það vald, heldur saksóknari ríkisins. Ákvæði um frestun ákæru og skilorðsdóma eru í almennum hegningarlögum. Þeim ákvæðum var ekki breytt um leið og ákærvaldið var flutt til saksóknara. Hefur dómsmálaráðherra því eftir sem áður tekið ákvörðun um það, hvort ákæru skuli frestað. Efni 1.—4. gr. frumvarps þessa er að flytja ákvörðunarvald varðandi skilorðsbundna frestun ákæru og atriði, sem snerta skilorðsdóma, til saksóknara, enda eðlilegast, að hann taki ákvörðun um þessi atriði, þar sem hann vegna starfs síns að rannsókn mála er sérstaklega kunnugur þeim málefnum.

Í nokkrum ákvæðum hegningarlaga er dómsmálaráðherra fengið sérstakt vald í sambandi við ákvörðun um málshöfðun (1. töluliður 4. gr., 2. mgr. 81. gr., 97. gr. og 105. gr.). Þessum ákvæðum er ætlað að standa óbreyttum, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt 5. gr. frv. er lagt til, að 2. mgr. 61. gr. laganna falli brott. Réttinda-svipting, sem þar getur, verður ekki lengur dæmd, sbr. lög nr. 31 24. marz 1961, sbr. og lög nr. 45 29. marz 1961. Hefur ákvæðið því ekkert gildi lengur.